

## Umdæmisstjóri - Governor 2014 -2015 Gunnlaugur Gunnlaugsson



Ég er fæddur í Keflavík 27 febr 1947. Eftir hefðbundna skólagöngu fór ég í Stýrimannaskólann og tók þar hið meira fiskimannapróf. Stýrimaður og skipstjóri á ýmsum skipum með ýmis veiðafæri, bæði í Keflavík og síðar á Ísafirði.

Vann sem hafnarvörður við Ísafjarðarhöfn, síðar veiðieftirlitsmaður hjá Fiskistofu með aðsetur á Ísafirði. Í fimm ár vann ég síðan við akstur fatlaðra og þroskahefta. Sagt er að sjómennskan sé í blóðinu og því hef ég s.l fjögur sumur stundað strandveiðar á eigin bát .

Kynni mín af Kíwanishreifingunni hófst árið 1973 með inngöngu í Keili Keflavík síðan fór ég í Hof í Garði síðan eftir að ég fluttist til Ísafjarðar gekk ég til liðs við Bása og hef ég gengt hinum ýmsum trúnaðarstörfum í þessum klúbbum. Svæðisstjóri Þórssvæðis árið 2007-2008 og umsjónarmaður

Tryggingasjóðs í nokkur ár.

Hef verið virkur félagi í Rauðakross deild Ísafjarðar.

Eiginkona mín er Kristjana Sigurðardóttir og eru okkar helstu áhugamál, félagsmál og ferðalög og góðar stundir í sumarbústað okkar í Arnardal þar sem alltaf er kaffi á könnunni fyrir Kíwanisfélaga og aðra gesti.